

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bolungarvíkurkaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar 17. apríl 2008 var samþykkt deiliskipulag vegna snjóflóðavarna undir Traðarhyrnu í Bolungarvík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Stigahlíðar og Traðarlands, þar er gert ráð fyrir að reisa snjóflóðavarnir. Varnirnar samanstanda af 720 m löngum og allt að 22 m háum þvergarði og átta keilum sem eru 40 m langar og 11,5 m háar hver. Jafnframt er gert ráð fyrir að leggja göngustíga á og neðan við varnargarðinn.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 13. maí 2008.

Jóhann B. Helgason, sviðsstjóri umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2008